

REGLUR

um breytingu á reglum fyrir Tækniháskóla Íslands nr. 813/2002.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. reglnanna:

1. Í ákvæði 2. töluliðar 3. málsgreinar kemur í stað orðsins „Meinataeknasvið“ orðið „Líf-tækisvið“.
2. Ákvæði 4. málsgreinar 14. gr. breytist og verður svohljóðandi:
Við rekstrardeild fer fram kennsla í viðskiptafræði. Námið er 90 einingar og skiptist í tvö svið (alþjóða)markaðssvið og vörustjórnunarsvið. Á báðum sviðum er mögulegt að ljúka námi í rekstrarfræði sem er 60 eininga diplománám.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglnanna:

1. Í stað 2. málsgreinar, sem nú verður 4. málsgrein, kemur ný málsgrein svohljóðandi:
Heimilt er að ráða kennara, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðinga tímabundið til allt að fimm ára. Heimild til tímabundinnar ráðningar gildir hvort sem um er að ræða fullt starf eða hlutastarf. Um slíka ráðningu gilda sömu reglur og um ótímabundnar ráðningar nema annað leiði af lögum eða reglum þessum.
2. Inn kemur ný 3. málsgrein sem verður svohljóðandi:
Starfsmaður öðlast ekki rétt til ótímabundinnar ráðningar að lokinni tímabundinni ráðningu.
3. Ákvæði 2. málsgreinar eldri reglna verður nú 4. málsgrein og er svohljóðandi:
Umsækjandi um starf prófessors, dósentis eða lektors skal láta fylgja umsókn sinni ræki-lega skýrslu um námsferil sinn og starfsreynslu úr atvinnulífinu á fagsviði sínu, vísindastörf, ritsmíðar, rannsóknir, hönnunarstörf, kennslustörf og stjórnunarstörf. Um skipan dómnefndar og mat á umsóknum fer eftir 3. gr. laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands.
4. 3. málsgrein verður nú 5. málsgrein.
5. 4. málsgrein verður nú 6. málsgrein.
6. 5. málsgrein verður nú 7. málsgrein.
7. 6. málsgrein verður nú 8. málsgrein.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglnanna:

1. Ákvæði 3. málslíðar 1. málsgreinar breytist og í stað orðanna „og fyrir 1. júní vegna vormisseris“ kemur „og viku fyrir brautskráningu á vormisseri“. Ákvæði 3. málslíðar 1. málsgreinar verður því svohljóðandi:
Sjúkra- og endurtekningarpróf skulu haldin á tímabilinu 4. til 15. janúar vegna haust-misseris og viku fyrir brautskráningu á vormisseri.
2. Við 1. málslíð 2. málsgreinar bætist „og deildarstjóra frumgreinadeildar“. Ákvæði 1. málslíðar 2. málsgreinar verður því svohljóðandi:
Prófstjóri starfar í umboði rektors og annast undirbúning og framkvæmd skriflegra prófa í samráði við vikomandi deildarforseta og deildarstjóra frumgreinadeildar.
3. Við lok 5. málsgreinar bætist nýr svohljóðandi málslíður:
Nemandi þarf að skrá sig í sjúkra- og endurtekningarpróf til að hafa próftökurétt. Síðasti skráningardagur kemur fram í dagatali skólans.

4. Í 1. málslíð 8. málsgreinar kemur inn „10 virkum dögum“ í stað orðanna „10 dögum“.

4. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga nr. 136/1997, um háskóla, og laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, að tillögum viðkomandi háskóladeilda, öðlast þegar gildi.

Tækniháskóla Íslands, 25. júní 2004.

Stefanía Katrín Karlsdóttir rektor.